



Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, um fjölda fullkláraðra félagslegra íbúða á kjörtímabilinu - R18030064

Á fundi borgarráðs 8. mars s.l. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir, fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hversu margar félagslegar leiguíbúðir hafa verið byggðar á kjörtímabilinu og eru fullkláraðar?

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsbústöðum hafa verið byggðar á þeirra vegum 17 félagslegar íbúðir á kjörtímabilinu sem allar eru í búsetukjörnum. Ennfremur hefur Félagið gert samninga við byggingarfélag og húsnæðisfélag um kaup á 26 almennum félagslegum íbúðum í nýbyggingum sem afhentar verða á árinu, þar af 19 á kjörtímabilinu. Þessu til viðbótar hefur félagið keypt 229 íbúðir á kjörtímabilinu.

Auk ofangreindra íbúða hefur skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) keypt til nota fyrir Félagsbústaði 74 íbúðir á kjörtímabilinu, þar af eru 24 íbúðir í byggingu á Grensásvegi 12-24 og verða afhentar í ágúst á þessu ári. Þá hefur auk þess ein íbúð verið tekin á leigu fyrir Félagsbústaði.

Alls hafa því 339 félagslegar íbúðir verið teknar í notkun fyrir þjónustuþega á kjörtímabilinu en þar af eru 36 nýbyggingar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri